



ÖLD1A05 ÖLDRUNARFRÆÐI

Námsáætlun, vorönn 2024

Kennari/kennarar:

Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir

Netfang/netföng:

gudrun.hallgrimsdottir@borgo.is

Lýsing:

Í áfanganum er fjallað um öldrun og öldrunarferli út frá kenningum og hugmyndum sál- og félagsfræði um öldrunarferlið, þ.e. helstu líkamlegar, sálrænar og félagslegar breytingar sem fylgja því að eldast. Ræddar helstu líkamlegu breytingar út frá líffærakerfum og fjallað um félagslegar og sálrænar breytingar sem fylgt geta öldrun, starfslokum, breytingum á fjölskylduformi og hagsmunamál aldraðra. Vikið er að mögulegum persónulegum, félagslegum og umhverfislegum breytingum. Rætt um vanrækslu og ofbeldi gagnvart öldruðum. Nemendur öðlist dýpri þekkingu á helstu líkamlegu og félagslegu breytingum sem fylgja því að eldast, öldrunarkenningar og öldrunarferlið. Lögð er áhersla á aldurstengdar breytingar í heilsu og samfélagsþátttöku tengt starfslokum, líðan, ofbeldi og sálfélagslegar þarfir. Mikilvægi þess að virða sjálfræði eldri borgara auk þess sem nemendur öðlist þekkingu og skilning á fjölmenni.

Þekking, leikni, hæfni:

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- aldurshugtakinu og afstæði aldurs
- helstu líkamlegu, félagslegu og andlegu breytingum sem geta fylgt því að eldast
- áhrifum sem helstu líkamlegar breytingar/sjúkdómar geta orsakað
- álitamálum sem tengjast meðferð við lífslok (lífslokameðferð)
- vanrækslu og ofbeldi gagnvart öldruðum innan fjölskyldna og víðar
- breyttu hlutverki og samskiptum
- mikilvægi farsældar á efri árum.

Námsmat:

Mæting og þátttaka í tímum í skóla og umræðum á netinu - 15%
Vikuleg einstaklingsverkefni tengt öldrun á Íslandi - 20%
Dagbókarskrif yfir önnina - skilað í lok hvers mánaðar og svo í lok annar 20%
Einstaklingsverkefni um öldrun, bókarýni og kynning í upptöku - 20%
Hópverkefni um öldrun og öldrunarþjónustu sem fer fram í lotu 3 - 25%
Samtals 100%

Námsgögn:

Námsgögn hjá kennara, birtast á inna.is undir Efni.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Skyldumæting er umræðutíma og dreifnámslotur. Mikilvægt að skila verkefnum á réttum tíma, ekki gefin einkunn fyrir verkefni sem er skilað eftir að skiladegi lýkur nema í samráði við kennara.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	6. jan.	Lota 1 - kynning á áfanga og umræður	
2	8. - 12. jan.	Heilahreysti og aldraðir	
3	15. - 19. jan.	Hvenær verður maður gamall - lifa og njóta við starfslok	
4	22. - 26. jan.	Fjölbreytileiki í tómstundastarfi og kynslóðasamstarf	
5	29. jan. - 2. feb.	Hvernig eldist hugurinn?	
6	5. - 9. feb.	Hvað er öldrun	Skóhlífadagar Undirb./úrv.
7	12. - 16. feb.	Líkamleg þjálfun, tilgangur þess sem meðferðarform	Vörðuvika I
8	19. - 23. feb.	Vorhlé	Vorhlé mánudag og þriðjudag.
9	26. feb. - 1. mars.	Farsæl öldrun - hvernig á hún sér stað	
10	4. - 8. mars	Lota 2 - ekki kennsla upp í skóla	Einst.skilavkerkefni
11	11. - 15. mars.	Hamingjan mikilvæg, líka á efri árum	
12	18. - 22. mars	Heilsuefling aldraðra	Undirb./úrv. Vörðuvika II.
13	25. mars - 1. apr.	PÁSKALEYFI	
14	2. - 5. apr.	Er óþarfi að kvíða ellinni?	
15	8. - 12. apr.	Sjálfbóðaliðastarf, kem ég til þín eða þú til mín?	
16	15. - 19. apr.	Ólaunuð störf á efri árum	
17	22. - 26. apr.	Fjárhagslegt öryggi, tækifæri á þátttöku í samfélaginu	Sumardagurinn fyrsti
18	29. apr. - 3. maí	Lota 3 - hópverkefni í skólanum	Hópskilaverkefni
19	6. - 10. maí	Skil á kynningu á dagbókarskrifum annarinnar	Uppstigning.dagur
20	13.-17. maí	Einkunnaskil	Síðasti kennsludagur

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.